

116. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn þriðjudaginn 24. ágúst 2004, kl. 9:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.

Eins og kunnugt er hefur verið uppi ágreiningur á milli Sorpstöðvar Suðurlands og Sveitarfélagsins Ölfuss um framkvæmd deiliskipulags á urðunarsvæði stöðvarinnar í Kirkjuferjuháleigu. Á undanförunum mánuðum hafa verið gerðar tilraunir til að leysa úr þessum ágreiningi með viðræðum og fundahöldum á milli Sorpstöðvarinnar, Sveitarfélagsins Ölfuss, Umhverfissráðuneytisins, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar sem er eftirlitsaðili stöðvarinnar.

Fyrir liggur sú afstaða Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar að ekki sé fært að lækka hæð núverandi urðunarreina vegna hættu á mengun sem stafa myndi af slíkum framkvæmdum. Jafnframt hefur Skipulagsstofnun lagt til að gert verði nýtt deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið.

Stjórn samþykkir að hefja vinnu við gerð nýs deiliskipulags og felur formanni og framkvæmdastjóra að senda Sveitarfélaginu Ölfusi bréf þar sem óskað er eftir samvinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið.

2. Grænt bókhald.

Lögð fram skýrsla um „grænt bókhald“ fyrir árið 2003 ásamt áritun löggilts endurskoðanda.

Stjórnin samþykkir skýrsluna og lýsir yfir mikilli ánægju með það skref að koma á grænu bókhaldi en það er í samræmi við þá stefnu fyrirtækisins að vera í fremstu röð í umhverfismálum.

Fundi slitið kl. 10:20

Einar Njálsson
Orri Hlöðversson

Ágúst Ingi Ólafsson
Þorvarður Hjaltason

